

Sp.

270. Þingsályktun

[14. mál]

um ráðstafanir til að greiða fyrir votheysverkun og öðrum heyverkunaraðferðum, sem að gagni megi koma í óþurrkum.

(Afgreidd frá Sp. 20. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að því í samráði við Búnaðarfélag Íslands, tilraunaráð búfjárræktar, verkfæranefnd ríkisins og rannsóknaráð ríkisins, að tilraunir með votheysgerð og votheysfóðrun verði auknar svo og leiðbeiningarstarfsemi á þessu sviði; enn fremur að stuðla, eftir því sem við verður komið, að útbreiðslu annarra heyverkunaraðferða, er að gagni megi koma í óþurrkum.